

Hafnarfjarðarbær  
Haraldur L. Haraldsson

12. september 2016

### Efni: Boð um stofnaðild að Sjálfbæru Íslandi

Kæri Haraldur,

Síðasta vetrardag frumsýndum við BROS bræður heimildarmyndina "Maðurinn sem minnkaði Vistsporið sitt" í Háskólabíói fyrir fullu húsi. Eftir sýninguna fengum við góða gesti í pallborðsumræður, Dag B. Eggertsson borgarstjóra, Þorstein Víglundsson framkvæmdastjóra Samtaka Atvinnulífsins, Brynhildi Davíðsdóttur stjórnarformann OR og prófessor í Umhverfis- og auðlindafræði við HÍ, Kristínu Lindu Árnadóttur forstjóra Umhverfisstofnunar, Snorra Baldursson formann Landverndar og að auki var Ragnheiður Elín Árnadóttir Iðnaðar- og viðskiptaráðherra með innslag.

Eins og við BROS bræður tilkynntum við það tilefni þá viljum við fylgja heimildarmyndinni eftir með því að ganga enn lengra og setja á fót ópólitíska sjálfseignarstofnun (án hagnaðar) sem hefur það að markmiði að gera íslenskt samfélag sjálfbært. Þessa nýju stofnun okkar höfum við kosið að kalla: Sjálfbært Ísland.

### Með þessu bréfi langar okkur að bjóða Hafnarfjarðarbæ að gerast stofnaðili að Sjálfbæru Íslandi.

Stofnaðildinni fylgir mæling á Vistspori sveitarfélagsins, skýrsla um stöðu mála og ráðleggingar og tímasett áætlun um hvernig sveitarfélagið getur markvisst minnkað Vistsporið sitt. Innifalið er einnig sýningar á heimildarmyndinni "Maðurinn sem minnkaði Vistsporið sitt" fyrir alla starfsmenn og gerð nýrrar heimildarmyndar með starfsmenn bæjarins í aðalhlutverki.

Markmiðið með stofnun Sjálfbærs Íslands er að ná fram mælanlegum árangri á Vistspori þjóðarinnar og til þess að það geti orðið teljum við að tvennt þurfi að koma til. Í fyrsta lagi þurfum við að fá þjóðina til þess að vilja að lifa innan þolmarka náttúrunnar (sjálfbært) og í öðru lagi verðum við að aðstoða hana við mælingar á sjálfbærni svo hægt sé að vita hvenær takmarkinu er náð.

Fyrri markinu hyggjumst við ná með framleiðslu á fræðsluefni í anda heimildar- myndarinnar sem frumsýnd var síðasta vetrardag. Efni þetta á að standa traustum fótum á vísindalegri þekkingu en jafnframt vera jákvætt, uppbyggilegt og ekki síst skemmtilegt. Við teljum skemmtigildi vera forsendu þess að fólk geti meðtekið hinn erfiða boðskap um óhjákvæmilegar breytingar sem eru í vændum.

Seinna markinu ætlum við að ná með mælingum á Vistspori þeirra sem það vilja. Vistspor er hægt að mæla fyrir þjóðina alla, einstaka sveitarfélög, fyrirtæki sem og einstaklinga. Vistsporsmælingar styðja einnig mjög vel við fyrri takmarkið vegna þess hve aðferðafræðin er myndræn og í grunninn auðskilin.

Eins og kom fram við sýningu myndarinnar höfum við nýlega gert samstarfssamning við Global Footprint Network sem er leiðandi á heimsvísu á sviði Vistsporsmælinga en að auki erum við í viðræðum við Háskóla Íslands um útfærslu á sambærilegu samstarfi.

Við viljum gjarnan fá að hringja í þig og skýra málið betur. Ef þú átt lausan tíma á næstunni þá máttu gjarnan stinga uppá hvenær við megum hringja til þín.

Hlakka til að heyra frá þér.

Fyrir hönd BROS bræðra



Magnús B. Jóhannesson  
Rekstrarhagfræðingur  
[magnusj@vistspor.is](mailto:magnusj@vistspor.is)  
S: 779 2900



Sigurður E. Jóhannesson  
Umhverfisfræðingur  
[sigurdurj@vistspor.is](mailto:sigurdurj@vistspor.is)  
S: 690 6919

Encl: bæklingur um Sjálfbært Ísland